

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991,
um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

Í stað orðanna: „til 1. janúar 1993“ í 1. málsgrein ákvæðis til bráðabirgða I komi: til 1. janúar 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992 um Hagræðingarsjóð
sjávarútvegsins með síðari breytingum.**

1. gr.

3. málslíður 2. málsgreinar 12. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 65, 26. júní 1992 um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.